

Formannafundur ÍBA

Haldinn í Íþróttahöllinni á Akureyri,
miðvikudaginn 11. desember 2013 kl. 18.00



Mættir:

Stjórn ÍBA: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti
Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Ármann Ketilsson, Áslaug Kristjánsdóttir og Hörður
Sigurharðarson.

Gestir: Heiðursfélagi ÍBA Hermann Sigtryggsson, Viðar Sigurjónsson ÍSÍ, Ellert Örn
Erlingsson, Bjarni Jóhannsson, Jóhannes G. Bjarnason

ÍBA: Þóra Leifsdóttir

SKÍ: Jón Viðar Þorvaldsson

KA: Hrefna G. Torfadóttir, Sævar Pétursson

Eik: Haukur Þorsteinsson, Ragnheiður Austfjörð

Akur: Jósep Sigurjónsson

Þór: Árni Óðinsson, Eiður Arnar Pálmason

Nökkvi: Rúnar Þór Björnsson

SA: Haraldur Ingólfsson,

KKA: Þorsteinn Hjaltason

Óðinn: Ómar Kristinsson, Elsa María Guðmundsdóttir

Léttir: Andrea Þorvaldsdóttir

FIMAK: Erla Ormarsdóttir, Inga Stella Pétursdóttir

KFA: Grétar Skúli Gunnarsson, Viktor Samúelsson

UFA: Gyða Árna

SKA: Erlingur Guðmundsson

Draupnir: Elín Jóhanna Bjarnadóttir

GA: Sigmundur Ófeigsson, Ágúst Jensson

Karatefélag Akureyrar: Rut Guðbrandsdóttir, Gréta Júlíusdóttir

BA: Einar Gunnlaugsson, Ásm Bragason

Svigflugfélag Akureyrar: Sigtryggur Sigtryggsson

SA: Björn Snær, Finnur Steingrímsson

Akureyri handboltafélag: Hlynur Jóhannsson

1. Skýrsla stjórnar

Þröstur Guðjónsson formaður ÍBA flutti skýrslu formanns. Hann sagði frá Formannafundi ÍSÍ, þar sem m.a. vakti athygli að skráningar iðkenda í Felix eru 15,21% lægri en á síðasta ári. Einnig sagði Þröstur frá framvindu málsins um skráningu íþróttasögu Akureyrarbæjar. Þá kom Þröstur inn á Málþing sem ÍBA hélt um ýmis forvarnarmál en þátttaka var ekki nógu góð, t.d. vantaði þjálfara. Málið var rætt og hugmynd viðruð að gerð verði krafa um mætingu. Stefnt er að öll erindin muni koma á heimasíðu ÍBA.

Þröstur hvatti félögin til að auglýsa vel aðalfundi og að láta ÍBA vita og auglýsa vel. Einnig nefndi hann að ef breyting verður á stjórn þarf að tilkynna um það til ÍBA, eins ef breyting er gerð á lögum þarf að senda þau til til ÍBA sem sendir til ÍSÍ til samþykktar. Þröstur sagði frá stöðunni á endurnýjun samninga ÍRA við félögin og ÍBA, kom m.a. fram hjá honum að ÍBA kemur ekki að samningum en aðstoðar og greiðir götu ef þarf. Að lokum kom Þröstur inn á stöðu íþróttamannvirkjana, m.a. hugmynd að húsnæði fyrir bardagaíþróttir undir sama þaki.

Margrét Ólafsdóttir stjórnarmaður ÍBA – Sagði frá erindum á Fjármálaráðstefnu ÍSÍ sem haldin var 29.nóvember.

Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri – Sagði frá starfi samstarfsnefndar íþróttahéraða sem hún situr í.

2. Aukið hreyfingaleysi barna og unglunga

Jóhannes Bjarnason flutti erindi um Aukið hreyfingaleysi barna og unglunga

Helstu atriði og punktar úr erindinu fara hér á eftir:

Aðstaða grunnskóla í Akureyrarbæ í íþróttakennslu er mjög mismunandi, allt frá engri til mjög góðrar. Ný aðalnámskrá gerir gríðarlegar kröfur til íþróttakennara og nemenda en hún fjallar ekki um hið nýja vandamál aukið hreyfingarleysi barna og unglunga. Engin reglugerð er til um áhaldakost og rými til kennslu.

Afþreying ungmenna og gerbreytt umhverfi á undanförunum árum. Skýrsla faghóps forsætisráðherra sem var ætluð sem leiðarljós fyrir yfirvöld til að fara eftir, hefur verið skoðuð og var áhugaverð og vönduð. Starfshópurinn lagði áherslu á að boðið yrði upp á íþróttir alla skóladaga og aukinn stuðning. Skólarnir munu gegna lykilhlutverki (íþróttir eru ekki forgangsgreinar í dag) en nauðsynleg er hugarfarsbreyting allra sem koma að málinu. Íþróttafélögin þurfa að koma betur til móts við börn og unglunga sem vilja hreyfa sig en stefna ekki á titla eða árangur. Fram kom að meðalstarfsaldur íþróttakennara er lágur, vinnuaðstæður erfiðar og álag. Til eru undantekningar t.d. Vopnafjarðarskóli sem býður upp á íþróttir alla daga.

Rannsókn fyrir 10 árum sýndi að ungmenni voru ekki að hreyfa sig nóg, átta árum síðar sýndi samskonar rannsókn að kyrrseta hafði aukist um 50%. 23 ára ungmenni hreyfir sig jafn mikið og 80 ára aðili. Skjámiðlar af ýmsu tagi hafa yfirtekið frístundir í stað leikja og líkamlegrar áreynslu.

Jóhannes vitnaði í grein í Læknablaðinu sem fjallaði um lífstílstengda sjúkdóma og ógnvænlegar tölfræðilegar staðreyndir sem blasa við Vesturlandabúum á næstu áratugum, það stefnir í að heilbrigðiskerfi sligist. Hreyfingarleysi og þjálfunarleysi hefur mikil áhrif á sjúkdómana.

Hugmyndir læknanna til úrbóta er t.d. aukið vægi íþróttakennslu, að lágmarki 60 mín á dag. Farið verði í leikskólana og grunnur lagður þar en einnig í framhaldsskólana. Einnig var bent á áhrif opinberra átaka s.s. um tóbaksneyslu (úr 44% í 12% á tveimur áratugum)

Framtíðin - áfram hröð tækniþróun en eina sem getur mætt því er að setja íþróttir og hreyfingu í öndvegi í skólastarfi á öllum stigum. Stefnir í að lífstíllssjúkdómar orsaki lækkun meðalaldurs Íslendinga. Hann nefndi hugmynd að virkja foreldrafélögin til að beita þrýstingi á skóla til að auka vægi íþróttar.

Lokaorð Jóhannesar voru: Baráttan við bókina verður til lítils ef heilsan bilar langt fyrir aldur fram.

3. Afreksíþróttasvið við bóknámsbrautir í VMA og MA

Bjarni Jóhannesson knattspyrnuþjálfari sagði frá samstarfsverkefni MA, VMA, íþróttafélaga á Akureyri, Akureyrarbæjar og fyrirtækja á Akureyri um að stofnað verði Afreksíþróttasvið fyrir góða nemendur sem vilja stunda sína íþrótt með álagi afreksmanna, samhliða krefjandi bóknámi.

Bjarni sagði íþróttamennsku vera atvinnumennsku og íþróttafélögin væru atvinnurekendur, fleiri íþróttamenn væru að vinna erlendis en aðilar t.d. við listir. Aðstaðan er góð hér m.v. annars staðar og aðkoma bæjarins yrði að láta í té aðstöðu. Hann sýndi útfærsluna á náminu sem er í vinnslu, sagði þetta ekki endanlega útfært en ljóst væri að ekki er seilst inn í kjarnagreinar heldur kemur áhugasviðið meira inn í heildarnámið. Sýndi dæmi um viku stundatöflu og tók fram að íþróttagreinar eru að sjálfsögðu mismunandi. Stodgreinar yrðu næringarfræði, íþróttasálfræði, framkoma í flölmíðlum, ýmsar greinar íþróttar aðrar en kjörgreinin. Námsmatið gæti verið á þoli, hraða, liðleika, styrk, tækni og persónuleikapróf. Efniskostnaður væri hluti af skólagjöldum s.s. íþróttavörur, viðbótarfæði, ferðakostnaður og aðrir nauðsynlegir aukahlutir. Inntökuskilyrði yrði góður námsárangur, góður íþróttarárangur, gott líkamlegt ástand, rétt hugarfar, í hópi bestu meðal jafnaldra og meðmæli íþróttafélags. Hugarfar: vímuefnalaus, ástundun skóla og íþróttar í lagi og 95% skólasókn í öllum námsgreinum.

Bjarni sýndi yfirlit yfir starfssvið kennara og stuðningsaðila s.s. sjúkraþjálfun, nuddara og læknisþjónustu, eftirfylgni og samstarfsaðila. Lögð yrði áhersla á að umgjörðin sé góð og fullur stuðningur við nemandann yrði á ábyrgð skólans

Markmið með náminu gæti t.d. verið að viðkomandi yrði atvinnumaður í sinni grein, landsliðsmaður, góður íþróttamaður í sínu félagi eða háskólaíþróttamaður í USA.

Þjálfarar - kennarar: æðsta gráða viðkomandi íþróttagreinar og samstarf skóla og íþróttafélags.

Hvaða íþróttagrein sem er kemur til greina. Hagur íþróttafélaganna yrði að sköpuð yrði umgjörð atvinnumannsins, laðaðir eru að toppíþróttamenn, landsliðsmenn, íþróttafólk úr öðrum landshlutum þannig að kjarnar íþróttagreinanna verða sterkari. Fram kom að þessu fylgir kostnaður en allir græða, þetta yrði atvinnuskapandi og mælt hefur verið að nemendur í framhaldsskólum skapa 600.000 -1.000.000 kr. veltu á ári, einnig fjárfesting í húsnæði. Bjarna var þakkað fyrir fróðlegt erindi.

4. Önnur mál

Ellert Örn Erlingsson tók til máls og sagði frá Nóra rafrænu kerfi fyrir tólmstundaávísanirnar sem væri að fara af stað. Hann lýsti því og hvatti félögin til að nýta sér það. Hann sagði að hátíð sem haldin hefur verið milli jóla og nýjárs verði ekki haldin í ár. Verið væri að skoða hugmyndir að koma á lokahátíðir félaganna eða á hátíð ÍBA er tilkynnt verður val á Íþróttamanni Akureyrar. Ellert ræddi mál Afrekssjóðs sem yrði ekki veitt úr á næsta ári. Hann kom aðeins inn á Málþing ÍBA og viðraði hugmynd um að fá þjálfarana meira í samstarf eða leita í félögin til þeirra með fræðsluna. Hann sagði þetta myndi verða skoðað í samstarfi við ÍBA.

Jóhannes Bjarnason tók til máls og vildi vekja athygli á að hann væri í vinnuhóp sem væri að undirbúa Íþróttakennarabraut í Háskólanum á Akureyri.

Viðar Sigurjóns tók til máls og tók undir áhyggjur formanns ÍBA um lélega mætingu á Málþingið. Hann þakkaði fyrir erindin hjá Jóhannesi og Bjarna og sagði þau afar athyglisverð. Hann sagðist einnig fagna uppbyggingunni í HA.

Andrea Margrét Þorvaldsdóttir formaður Léttis spurði út í kostnaðinn við Nóra. Ellert svaraði að Akureyrbær bæri stofnkostnaðinn og reksturskostnaður myndi leggjast á félögin en á móti væri hagur félaganna mikill.

Sævar Pétursson framkvæmdastjóri KA spurði út í hlé á starfsemi afrekssjóðs. Tryggvi svaraði að þetta væri ákvörðun til eins árs í einu til að svara hagræðingarkröfu á málaflokkinn.

Þróstur vakti athygli á að 22.janúar yrði Íþróttamaður Akureyrar krýndur í Hofi. Hann sagði einnig frá bréfi sem hefur verið sent á félögin með hvatningu að hafa uppákomu eða uppgjör í desember. Þá vakti hann einnig athygli á að ÍBA verður 70 ára á næsta ári. Að lokum ræddi Þróstur aðeins meint sambandsleysi milli aðildarfélaganna og ÍBA og óskaði eftir betri samskiptum og betri svörum við erindum.

Fundi var slitið kl. 19.40 og fundarmönnum boðið til kvöldverðar.

Margrét Ólafsdóttir, ritari